

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	6. október 2022	Tími:	12:00 – 13:00
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og TEAMS			
Fundarstjóri:	KS			
Ritari:	AH			
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Díana Óskarsdóttir (DÓ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Ingileif Oddsdóttir (IO), Kristján Sverrisson (KS) og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi:	Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ) og Björgvin Víkingsson (BV)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 6. október 2022

1. Fundargerð stjórnarfundar 1. september 2022

Fundargerð stjórnarfundar 1. september sl. samþykkt.

2. Áherslumál FFR veturinn 2022-2023; lögð fram samantekt ljósi umræðu síðasta fundar.

Farið yfir þau atriði sem stjórn vill leggja áherslu á í starfsemi FFR næsta starfsárið, sbr. umræður á síðasta stjórnarfundum. Nokkur umræða spannst um öryggismál stofnana og forstöðumanna sem og um útfærslu mentor-kerfa. Ákveðið að taka upp á samráðsfundi með KMR.

3. Félagsstarf og fræðslufundir

- Í farvatninu er heimsókn félagsmanna til Umhverfisstofnunar og til Hafrannsóknarstofnunar. Jafnframt er til skoðunar að leggja land undir fót með vorinu og heimsækja stofnun utan borgarmarkanna.
- Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ (SSS) hefur óskað eftir samtali um hvort ekki sé tímabært að endurvekja samstarf SSS og FFR um skipulagningu opinna fræðslufunda, en faraldurinn hafði þau áhrif að samstarfið lagðist að mestu af. Stjórnarmenn voru jákvæðir fyrir slíku samstarfi og spunnust nokkrar umræður um möguleg umfjöllunarefni á slíkum fundum. AH verður í sambandi við SSS um nánara fyrirkomulag.
- Umræður um fræðslustarf, svo sem þörf á að kynna starfsmenntunarsjóð embættismanna betur fyrir forstöðumönnum, sem og námskeið hjá Akademies sem forstöðumenn hafa aðgang að. Ákveðið að skoða nánar með KMR.

4. Umsókn um styrk

Farið yfir umsókn félagsmanns um fjárstuðning vegna reksturs stjórnarsýslumáls. Stjórn samþykkti umsóknina með vísan til starfsreglna stjórnar.

5. Launaþróun forstöðumanna í samanburði við viðmiðunarhópa

Ákveðið að leita aftur til Benedikts Jóhannessonar til þess að skoða launaþróun forstöðumanna í samanburði við viðmiðunarhópa frá því að skýrsla hans kom út í upphafi árs 2021 fram til dagsins í dag.

6. Önnur mál

Umræða um breytingar á stofnanakerfi ríkisins, um hreyfanleika forstöðumanna í starfi, starfslok, starfsöryggi og samspil við stjórnendastefnu ríkisins. Stjórnarmenn sammála um að taka þurfi upp samtal við KMR um þessa þætti.